

EINBÚAVIRKJUN - MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

MINNISBLAÐ EFTIR FUND HJÁ FISKISTOFU

VERKNÚMÉR: 15026002 DAGS.: 2020-01-08
VERKHLUTI: 1-13 Matsskýrsla NR.: 1
FUNDARSTAÐUR: Fiskistofa, Dalshrauni 1, Hafnarfirði
FUNDARMENN: Arnór Þórir Sigfússon, Guðni Magnús Eiríksson, Sigmar Arnar Steingrímsson
AFRIT SENT:

Fiskistofa gaf umsögn um frummatsskýrslu Einbúavirkjunar þann 20. september 2019. Einbúavirkjun ehf. hefur svarað umsögninni, en Fiskistofa hefur hins vegar ekki aðkomu að málinu við vinnslu matsskýrslu. Tilgangur fundarins var að ræða efnisatriði umsagnarinnar og svör framkvæmdaraðila við þeim.

NR.	EFNI	UMRÆÐUR
1	Útbreiðsla og far laxfiska Í umsögn kallar Fiskistofa eftir nánari greiningu á útbreiðslu fiska og fari þeirra, sem kunnir að þurfa frekari rannsókna við.	<p>Rætt var um rannsókn Veiðimálastofnunar á útbreiðslu laxfiska í Skjálfandaflijóti og hliðarám þess frá árinu 2015 og sambærilega rannsókn Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna umhverfismats Einbúavirkjunar.</p> <p>Í frummatsskýrslu er fullyrt að ekki sé sjálfbær laxastofn í ám ofan við virkjunarsvæðið. Verkís mun tilgreina heimild fyrir þeirri niðurstöðu en ella breyta texta matsskýrslu þar sem það á við.</p> <p>Niðurstaða frummatsskýrslu er að Einbúavirkjun mun ekki hafa áhrif á far laxfiska, sem á sér stað á þeim árstíma sem rennsli Skjálfandaflijóts er mest. Verkís lagði fram nýjar upplýsingar sem kynntar verða í matsskýrslu en komu ekki fram í frummatsskýrslu. Varðar það minnisblað með nánari útskýringum á áhrifum Einbúavirkjunar á rennsli og aurburð Skjálfandaflijóts.¹ Þar kemur fram að áhrif Einbúavirkjunar verða engin á rennsli Skjálfandaflijóts, að undanteknu áhrifsvæði virkjunarinnar á milli yfirfalls og frárennisskurðar.</p> <p>Einnig var lögð fram ný skýringarmynd sem sýnir ásýnd farvegar Skjálfandaflijóts ofan við yfirfallið, sem byggir á niðurstöðu forhönnunar um vatnshæð ofan yfirfallsins. Myndin sýnir hæstu vatnssstöðu að sumri og að rennsli árinna mun haldast innan farvegarins á því svæði. Einnig var gerð grein fyrir því að 90% tímans mun flæða yfir yfirfall virkjunarinnar í áni. Á þeim tíma árs sem rennsli í Skjálfandaflijóti er mikið og þegar far laxfiska á sér stað mun flæða vel yfir allt yfirfallið og breidd farvegarins nýttast fiskum sem farleið, þar með seiðum.</p> <p>Fiskistofa hefur ekki forsendur til þess að meta þessa fullyrðingu, en telur það jákvætt ef rétt er.</p>
2	Fiskstigi og seiðafleyta Í umsögn kallar Fiskistofa eftir hönnun fiskstigans og reynslu af virkni	<p>Hönnun á virkjunarmannvirkjum verður endanlega unnin þegar leyfi fæst til framkvæmda. Útfærsla á fiskstiga verður hluti af þeirri vinnu og samráð verður við Fiskistofu um hönnunina. Fiskistofa metur innsend gögn vegna leyfisveitingar fyrir slíku mannvirki og</p>

¹ Í minnisblaðinu kemur fram að töf á rennsli Skjálfandaflijóts ofan við yfirfall Einbúavirkjunar nemur innan við 5 mínútum. Náttúrulegar rennislisbreytingar í áni gerast á stærri tímaskala en það. Því myndast ekki lón ofan við yfirfallið og rennsli árinna helst því innan farvegarins á þeim kafla þó virkjunin komi til. Af þessu leiðir að áhrif Einbúavirkjunar verða engin á rennsli Skjálfandaflijóts, að undanteknu áhrifsvæði virkjunarinnar á milli yfirfalls og frárennisskurðar.



	krapafleytu sem seiðafleytu.	<p>fer um það samkvæmt lögum. Eftir atvikum leyfir stofnunin mannvirki eða hafnar.</p> <p>Á þeim tíma sem gönguseiði eru almennt á ferðinni mun flæða vel yfir yfirfall virkjunarinnar í Skjálfandafljóti og allur árfarvegurinn á þeim stað nýtast mögulegum gönguseiðum. Hætta getur skapast fyrir seiði næst bakkanum, þar sem inntak virkjunarinnar verður. Hæð vatns yfir krapafleytu við inntak virkjunarinnar verður aldrei minni en 20 cm og hærri á göngutíma seiðanna. Því er gert ráð fyrir að mannvirkið geti skilað seiðum niður ána, en engar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna fram á slíka virkni.</p> <p>Í matsskýrslu verður ekki fjallað um mannvirkið sem seiðafleytu.</p>
3	Fiskræktaráætlun Í umsögn kallar Fiskistofa eftir því að hugmyndir um fiskrækt verði rökstuddar og nákvæmlega útfærðar í matsskýrslu.	<p>Veiðifélagi er skylt að gera fiskræktaráætlun og framkvæmd hennar er háð leyfi Fiskistofu. Væntanlega mun Veiðifélag Skjálfandafljóts leita samþykkis Fiskistofu fyrir slíkri áætlun, en það er ekki framkvæmdaraðila að gera það.</p> <p>Fiskistofa benti á að gert sé ráð fyrir mótvægisáðgerð sem felist í því að framkvæmdaraðili aðstoði við fiskrækt í Skjálfandafljóti. Eftir sem áður sé niðurstaða matsins að Einbúavirkjun muni ekki hafa áhrif á fiskgengd. Ekki sé því rökrétt að gera ráð fyrir mótvægisáðgerð.</p> <p>Verkís mun ekki fjalla um fiskræktina í tengslum við umhverfisáhrif og áhrif hennar sem mótvægisáðgerð.</p>